

**Icelandic A: literature – Standard level – Paper 1**  
**Islandais A : littérature – Niveau moyen – Épreuve 1**  
**Islandés A: literatura – Nivel medio – Prueba 1**

Wednesday 10 May 2017 (afternoon)  
Mercredi 10 mai 2017 (après-midi)  
Miércoles 10 de mayo de 2017 (tarde)

1 hour 30 minutes / 1 heure 30 minutes / 1 hora 30 minutos

---

**Instructions to candidates**

- Do not open this examination paper until instructed to do so.
- Write a guided literary analysis on one passage only. In your answer you must address both of the guiding questions provided.
- The maximum mark for this examination paper is **[20 marks]**.

**Instructions destinées aux candidats**

- N'ouvrez pas cette épreuve avant d'y être autorisé(e).
- Rédigez une analyse littéraire dirigée d'un seul des passages. Les deux questions d'orientation fournies doivent être traitées dans votre réponse.
- Le nombre maximum de points pour cette épreuve d'examen est de **[20 points]**.

**Instrucciones para los alumnos**

- No abra esta prueba hasta que se lo autoricen.
- Escriba un análisis literario guiado sobre un solo pasaje. Debe abordar las dos preguntas de orientación en su respuesta.
- La puntuación máxima para esta prueba de examen es **[20 puntos]**.

Skrifaðu stýrða bókmenntagreiningu um aðeins **annan** textann. Greining þín verður að bregðast við báðum leiðbeinandi spurningunum sem gefnar eru.

1.

Hann stóð við gluggann og horfði út. Nú þegar hann hugsaði um það hafði líklega snjóað í nokkrar vikur – sífelld daglög snjócoma, og ekki einhverjar stopular kommur heldur alvöru snjócorn, bústin, ljómandi af hvítunni í sér og fylltu heiminn af kyrrð sinni og þögn.

5 Hann hafði búið þarna á Ljósvallagötunni í einhverja mánuði, í íbúð á þriðju hæð sem sneri út að Hólavallagarði, kirkjugarðinum við Suðurgötu. Allan þennan tíma hafði hann lítið farið út úr húsi. Upphaflega kom hann þarna til að taka saman eigur afa síns, gera upp dánarbúið, en þegar því var lokið byrjaði hann að skrifa ritgerð, flutti inn nokkra bókakassa og fór að horfa út um gluggann, stundum daglangt. Vikum saman hitti hann engan, nema stundum drakk hann kaffi með pólskum náunga sem tíndi maðka í gördunum í kring. Þessi einvera var sjálfskipuð, hann gat rofið hana hvenær sem honum sýndist, tekið upp síma eða farið í göngutúr og bankað upp á – vinir hans voru aldrei nema í nokkurra mínútna fjarlægð.

10 En hann fór aldrei neitt, tók ekki upp símann og bankaði ekki. Hann var einn og yrði að vera það eitthvað áfram, jafnvel lengi í viðbót. Ástæðan sem hann gaf sér var sú að hann yrði að hafa næði til að klára ritgerðina, en því fór samt fjarri að allur dagurinn færi í skriftir – ekki sextán tímar, *enginn* tími suma dagana, og núna voru liðnir margir mánuðir sem þó höfðu ekki skilað honum nema broti af því sem hann vantaði til að klára. Ætlaði hann að lifa mörg ár af lífi sínu einsamall til að klára ritgerð? Stundum fannst honum eins og einveran, sem hann hafði kallað svona ruddalega yfir sjálfan sig, hlyti að stafa af öðrum ástæðum, að eitthvað myndi gerast – tiltölulega óljóst, en fól í sér hugmynd um að hann yrði á einhvern hátt *valinn*.

20 Og seint eina föstudagsnóttina var biðin á enda. Emil lá uppi í sófa og las um „litla dauða“ til undirbúnings fyrir einn af köflunum í ritgerðinni þegar dyrabjöllunni var hringt. Hringingin var hávær í þögn íbúðarinnar og hjartað í honum barðist órólega þegar hann flýtti sér gegnum stofuna og út í eldhúsglugga. Hann hugsaði með sér að líklega væri þetta einhver á leiðinni heim af fylleríi sem hefði ýtt á vitlausa bjöllu, og það sem hann sá niðri á stéttinni staðfesti þetta: skuggi sem bar við ljómandi, nýfallinn snjóinn lafði einhvern veginn á skakk utan í dyrásímanum og hafði líklega rekið sig óvart í bjölluna hans.

25 Hann ákvað að leiða þetta hjá sér, gera ekki vart við sig heldur bíða þess einfaldlega að viðkomandi hunskaðist burt eða hitti á réttu bjölluna. En hringingarnar héldu áfram þar til Emil þoldi hávaðann ekki lengur, flýtti sér niður stigann og opnaði.

30 „Kalt,“ sagði skugginn þvoglumæltur, gekk framhjá honum og byrjaði að klifra eða hálfskríða upp stigann á undan honum og líktist stórum hundi. Þetta var stelpa, vandlega innpökkuð í trefil og húfu, með lítinn bakpoka á bakinu. Hann hljóp á eftir henni og spurði hvað hún væri að gera. Hún svaraði engu og hann ákvað að láta það eftir henni að elta hana frekar upp stigann en stofna til óláta frammi á ganginum.

35 Í forstofunni rétti hún úr sér, nægilega lengi til að taka af sér bakpokann og úlpuna og sparka af sér skónum. Hann spurði aftur hvað hún væri að gera þarna og hún muldraði eitthvað um nöfn – falleg nöfn, traustvekjandi nöfn, eitthvað sem varðaði nöfnin á bjöllunni. Svo slagaði hún inn í stofuna, lagðist í sófann án þess að taka af sér húfuna eða trefilinn, og var sofnuð um leið, ekkert nema nefbroddur og bláleitar, frostsprungnar varir sáust af andlitinu.

40 Hann breiddi yfir hana teppi og undir morgun, eftir hvers kyns vangaveltur og áhyggjur, sofnaði hann loksins sjálfur.

Þannig kynntist hann stelpunni.

- (a) Skoðaðu hvernig persónurnar og atburðirnir í textanum eru settir fram og hvaða áhrif það hefur á skilning þinn á textanum.
- (b) Fjallaðu um þær aðferðir sem höfundur notar til að skapa ákveðið andrúmsloft í textanum.

2.

### Leikir barna og fullorðinna

Ég heyrði hvísl og hróp og köll.  
Frammi. Uppi.  
Í næsta herbergi.  
Heyrði nöldrað og líka grátið.

- 5 Kristján, þú ert fundinn!  
Anna Jóna fundin! Mummi fundinn!

Svo hljóðnaði allt.

- Ég fylltist óljósri spennu.  
Þorði varla að anda.  
10 Bærði ekki á mér í fataskápnum.

Ég heyrði hjartað slá í brjósti mér.  
Annars var hljótt.

- Það leið eilífð á hleri  
uns ég skildi grínið:  
15 Allir farnir út að leika.

Ég alltaf sóló í einhverjum skáp.  
Ég alltaf sóló undir þykkum skráp.

- Nú er liðin eilífð margra ára.  
Aftur legg ég við hlustir.  
20 Heyri nöfn skólasystkina kölluð upp.  
Heyri nöfn vina, samstarfsfólks og ættingja kölluð upp.

Svo hljóðnar allt.  
Aftur þessi óljósa spenna.

Og enn slær hjartað í brjósti mér.

Anton Helgi Jónsson, *Nokkur ljóð* (2015)

- (a) Ræddu táknræna merkingu feluleiksins í ljóðinu og hvernig framsetning hans hefur áhrif á skilning þinn á ljóðinu í heild.
- (b) Skoðaðu hvernig skáldið notar byggingu og stíllbrögð (s.s. endurtekningar, andstæður og greinarmerkjasetningu) í þessu ljóði og hvaða áhrif það hefur á upplifun þína af ljóðinu.
-